

og glöðverðin. Hann var alltaf hrókur alls fagnaðar, alltaf tilbúinn með glens og gaman, brandararnir komu á færibandi og hann var sérfræðingur í því að sjá skoplegu hlíðarnar á tilverunni.

Ég hef stundum hugsað um að hann hafi kannski ekki valið sér rétta fagið þegar hann gerðist svæfingalæknir! Það var allavega engin hætta á að menn sofnuðu þegar hann var nálægur nema hann væri vopnaður svefnspautu! Hann var líka mjög virkur í tímum í MR, skaut jafnan inn athugasemðum þar sem gamansemir var aldrei langt undan.

Því var alla jafna nokkuð vel tekið af kennurum nema einu sinni. Það var þegar við vorum í tíma hjá Guðna, sem varð síðar rektor MR, líklega betur þekktur undir viðurnefninu Guðni kjaftur! Jonni hafði verið með einhver komment sem Guðna mislíkaði og sagði Jonna að halda kjafti. Þessu reiddist Jonni og fannst kannski þetta koma úr hörðustu átt og ég held að við þetta hafi Guðni fallið aðeins niður vinsældalistann hjá Jonna.

Það gekk samt yfir og við áttum seinna eftir að eiga góða stund með Guðna nokkrum árum síðar á einum af okkar árlegu gamlárslagsdagsstítingum.

Árin í MR voru eftirminnileg, sérstaklega í hinum sögufræga R-bekk. Þar myndaðist mjög sterkur kjarni 23 bekkjarfélaga sem hafa haldið höppinn allar götur síðan og tengst mjög nánur vinaböndum í bekkjarfélaginu Bergelmi sem við stofnuðum á gamlárslagsdag 1967. Við höfum hist reglulega að lágmarki tvisvar á ári, og nú síðustu ár næstum mánaðarlega í hádeginu, auk vor- og gamlárslagsstítinga.

Ég held að það sé ekki á neinn hallað að segja að Jonni hafi verið hryggjarstykkið í okkar bekkjarfélagi öll þessi ár. Hann var kjörinn fyrsti forseti félagsins og hefur gegnt því embætti lengur en nokkur annar bekkjarfélaganna, og hafði verið í því embætti í mörg ár þegar hann lést. Þau Ásdís bjuggu í Garðabæ og hann var því lengi vel eini forsetinn þar. Það voru óneitanlega nokkur viðbrigði þegar Garðabær og Álftanes voru sameinuð í eitt sveitarfélag þar sem þá fjölgaði forsetunum í bænum um helming. Jonni var þó lengstum alveg þokkalega sáttur við kollega sína á Bessastöðum enda voru þeir ekkert að amast við embættisfærslum hans nema síður sé og þá bara í hófi (þetta síðasta er orðaleikur sem bara Bergelmsbræður þekkja)!

Mig langar að lokum að minnst á Ásdísi, eiginkonu Jonna og hans styrku stoð og stytta, sem náði hámarki eftir hið hörmulega bílslys sem Jonni lenti í fyrir 20 árum þar sem hann lamaðist. Þótt hann hafi í krafti síns mikla viljastyrks náð ótrúlegum bata var hann bundinn við hjólastól allar götur síðan. Það hefur verið aðáunartvert að fylgjast með hvernig Ásdís hefur annast Jonna þennan tíma.

Við Hrefna sendum Ásdísi og börnum þeirra okkar innilegustu samúðarkveðjur um leið og við kveðjum góðan vin og frábæra manneskju.

Bóli Þór Bollason.

Látinn er kær vinur og koll-ega, Jón Sigurðsson svæfinga- og gjörgæslulæknir. Honum kynntist ég árið 1993, þá að stíga mín fyrstu skref sem ungur læknir í sérnámi í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Það gustaði af Jóni þar sem hann fór um ganga Landspítalans. Hann var alltaf á spani og fylgdist með öllu sem fram fór, sérstaklega hvernig þú komst ungu lækninum gekk, leiðbeindi og gaf ráð. Hann var frábær svæfingalæknir, vinsæll samstarfsmaður og framtíðarskarandi kennari; vel lesinn, handlag-

inn, natinn, opinn fyrir nýjungum, léttur í lund og spaugsamur.

Jón lenti í alvarlegu umferðaslysi árið 1998 og við tók margra vikna gjörgæslulega. Löng gjörgæslulega er öllum erfið en aukaverkanir eins og óráð (delirium) og ýmsar óþægilegar upplifanir geta fylgt. Síðar hélt Jón margoft vandaða fyrirlestra um upplifanir sínar sem hann setti í fræðilegt samhengi. Þeir fyrirlestrar létu engan ósnortinn og lagði Jón þannig sitt af mörkum til að gjörgæslulæknar og -hjúkrunarfræðingar öðluðust betri og dýpri skilning á vanda-málum og upplifunum sjúklinga við slíkar aðstæður.

Jón var bundinn við hjólastól eftir slysið og varð að láta af starfi svæfingalæknis. Hann lét þó ekki deigan síga og tókst á við hlutskipti sitt af einstöku æðruleysi og reisu. Jón hóf störf hjá Tryggingastofnun ríkisins og hélt áfram kennslu læknanema. Hann tók virkan þátt í starfi Svæfingalæknafélagsins, var duglegur að sækja fundi og viðburði á vegum þess. Þar kynntumst við svæfingalæknar samspili þeirra hjóna, Jóns og Ásdísar, sem annaðist mann sinn af sérstakri natni og var lykkillinn að lífsgeðum hans. Eins naut hann dyggs stuðning barna sinna sem og kollega.

Jón vann afrek er hann lauk við og gaf út bók, Svæfingar á Íslandi í 150 ár. Það er merk saga, frá fyrstu svæfingunni á Akureyri árið 1856 fram til ársins 2006 en bókin er jafnframt góð heimild um sögu heilbrigðisþjónustu í landinu. Að baki lá umfangsmikil gagnasöfnun og mikið grúsk. Bókin ber vitni um nákvæmni Jóns og vandvirkni einnig spaugsemi því á forsíða er mynd á honum við svæfingarvél og með fylgir athugasemð höfundar: „Glöggir lesendur sjá að á forsíðumyndinni eru augu bókarhöfundar lokuð. Svæfingalæknir má þó alls ekki sofna á verðinum en verður þvert á móti að hafa vakandi auga á öllu sem fram fer.“ Og þannig var Jón svo sannarlega.

Ég þakka Jóni velvild og vinsæld alla tíð og votta honum mína dýpstu virðingu. Ásdísi og öðrum ástvinum sendi ég innilegar samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Jóns Sigurðssonar.

Þú veist það nú að vafi er ei um það og verður þráfalt vissu þeirri feginn: Sú eina trú er færir fjöll úr stað er ávallt – á eigin mátt og megin.

Þú lærir samt er lokin nálgast fer, og leggur skafi á lífið, daginn, veginn: að dauðinn jafnt að dyrum allra ber: – Þar brestur afl þín eigin.

(Erlingur Sigurðarson frá Grænavatni)

Alma D. Möller.

„Dáinn, horfinn!“ Harmafregni! Hvíllt orð mig dynur yfir! En ég veit að látinn lifir. Það er huggan harmi gegn. (Jónas Hallgrímsson.)

Góður vinur og spilafélagi til margra tuga ára, Jón Sigurðsson (Jonni) svæfingalæknir, er allur. Hann andaðist á Landspítalanum 29. desember sl. Nú eru um 20 ár síðan Jonni slasaðist illa í bílslysi þannig að hann lamaðist frá hálsi. Við vorum fimm sem stofnuðum briddsspilaklúbb 1964 í 4. bekk í Menntaskólanum í Reykjavík. Nú eru tveir látnir en Gísli Benediktsson lést í júlí 2016. Það ár gekk Benedikt í spilaklúbbinn. Hann var bekkjarfélagi okkar í MR. Við fimm, sem stofnuðum spilaklúbbinn, áttum allir heima í

Smábúðahverfinu þegar við kynntumst. Við gengum í Háagerðis-, Breiðagerðis- og Réttarslysi árið 1998 og við tók margra vikna gjörgæslulega. Löng gjörgæslulega er öllum erfið en aukaverkanir eins og óráð (delirium) og ýmsar óþægilegar upplifanir geta fylgt. Síðar hélt Jón margoft vandaða fyrirlestra um upplifanir sínar sem hann setti í fræðilegt samhengi. Þeir fyrirlestrar létu engan ósnortinn og lagði Jón þannig sitt af mörkum til að gjörgæslulæknar og -hjúkrunarfræðingar öðluðust betri og dýpri skilning á vanda-málum og upplifunum sjúklinga við slíkar aðstæður.

Jónni var ljúfur, geðfeldur, viðræðugóður og gamansamur. Hann var frábær vinur og félagi. Þrátt fyrir að hann væri bundinn við hjólastól síðustu 20 ár ævinnar þá aftraði það honum ekki frá að taka þátt í ýmsum viðburðum. Hann hélt góðu sambandi við kollega sína á Íslandi og á Norðurlöndum.

Hann samdi rit um svæfingar á Íslandi í 150 ár, frá 1856 til 2006. Það kom út í mars 2010 og var mikið þrjúvirki. Hann ferðaðist um landið og til útlanda í fylgd Ásdísar konu sinnar sem var alltaf hans stoð og stytta. Hún annaðist hann af æðruleysi og á mjög stóran þátt í því hvað Jonni var brattur þrátt fyrir fötlunina. Umhyggju og ást hennar virðast engin takmörk sett. Henni verður seint fullþakkað.

Eftir stúdentspróf stofnuðum við R-bekkingarfélag sem kennt var við hrimþursinn Bergelmi. Þar var Jonni í fararbroddi. Í spilaklúbbnum var hann hrókur alls fagnaðar, léttur og kátur. Þeir voru ófáir brandararnir sem féllu stundum þeir sömu aftur og aftur þegar við spilafélagarnir hittumst. Þar þá oft hlegið hátt og mikið. Þor var þor fram veitingar og frétting sagðar af fjölskyldum spilafélaga. Alltaf hafði Jonni frá mörgu áhugaverðu að segja.

Fyrstu árin var oft spilað frá kvöldmat fram á rauða nótt. Smám saman dró úr þessu næturbrótti og síðustu árin spiludum við síðdegis. Öll árin spiludum við Vínarkerfið sem við höfum endurbætt eftir okkar höfði. Síðasti spiladagur okkar í klúbbnum var 8. nóvember sl. Í síðasta spílinu sagði Jonni al-slemmu, 7 tígla, sem hann stóð með glans. Var hann mjög ánægður með það spíl og hafði orð á því nokkrum dögum síðar hvað þetta hefði verið skemmtilegt spíl. Nú er Jonni allur, hans verður sárt saknað. Hann spilar ekki fleiri alslemmur hér á jörðu en hver veit nema þeir Gísli æfi sig hinum megin og bíði eftir okkur þar.

Við spilafélagar og konur okkar sendum Ásdísi, börnum, tengdabörnum og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur. Megi góður guð styrkja ykkur á þessum erfiðu tímum.

Benedikt Steinar Steingrímsson, Guðmundur Pálmi Kristinsson, Hilmar Þórisson, Ómar Kristinsson.

Það er á unglingsárum að vin-áttubönd verða til sem endast til æviloka ef þau eru ræktuð. Við vorum 23 R-bekkingar sem útskrifuðumst stúdentar úr Menntaskólanum í Reykjavík í júní 1967.

Við höfðum farið í gegnum súrt og sætt árin á undan í námi, prófum og frístundum. Við ákváðum að halda saman þótt hver færi í sína átt, höfðum það formlegt og stofnuðum reglu sem við nefndum Bergelmi. Fyrirmynd sóttum við í Snorra Eddu og höfðum mikla skemmtun af að semja lög byggð á Snorra og nýyrðum sem við fundum upp. Í hádeginu á gamlárslagsdag höfum við hist í 52 skipti, – á Hámessu. Nú síðast minntumst við Jóns Sigurðssonar, Jonna, en á undan honum voru fimm bræður farnir.

Nokkrir okkar náðu að kveðja Jonna á sjúkrahúsinu áður en hann skildi við. Við erum sannfærðir um að þá stóð Jonni upp og losaði sig úr því hafti sem

hann var bundinn í fyrir tuttugu árum.

Jonni hefur verið foringi okkar, forseti, eins lengi og elstu menn muna. Fyrir nokkru vorum við að gantast með af hverju menn tækju svona til orða og fundum út að það væri vegna þess að elstu menn væru farnir að gleyma öllu. Það var Jonna líkt því alla tíð hélt hann sínum gamla léttleika.

Eftir Hámessu tókum við hópmynd. Þegar við skoðum þessar 52 myndir sjáum við hvernig lífið breytir okkur, við þess að elstu menn væru farnir að tínast úr hópnum.

Í menntaskóla átti Jonni góða myndavél og tók myndir af bekkjarlífinu og laumaðist líka til að taka myndir af kennurum.

Þessum gömlu fausku sem á myndunum eru ungr og ferskir enda kenndu þeir okkur margt sem við höfum haft gagn af. Og þeim farnaðist líka vel eftir samskiptin við okkur, urðu skóla-meistarar úti um allt land, prófessorar og forseti lýðveldisins. Frá bróður sínum átti Jonni líka litlar myndir m.a. af latneskum stílum sem gott var að hafa í lóf-anum í prófum hjá verðandi rektor.

Við vorum í stærðfræðieild en kunnun setningar eins og cave canem og pax vobiscum.

Þegar við hugsum til baka er það allt það góðlátlega sprell sem Jonni stóð fyrir sem fyrst kemur upp í hugann. Aldrei lagði hann illt til nokkurs manns. Við fylgdumst með honum kvænast, eignast börn, fara í framhaldsnám til Svíþjóðar, koma heim aftur og taka til henninni. Og við nutum nákvæmni hans þegar Hámessur og Stórmessur með mökum/skessum voru skipulagðar að vori. Jonni hafði vakandi auga á framgangi okkar og sendi okkur hvatningu og uppörvum þegar við átti.

Síðustu árin höfum við að vetrarlagi hist einu sinni í mánuði, borðað saman í hádeginu og haft unun af samskiptum hver við annan. Nú verður skarð fyrir skildi en þá er að taka því og kyrja eins og svo oft áður:

Ek mynda nú andask, ungr vask harðr í tungu, senn, ef sálu minni, sorglaust, vissak borgit; veitk, at vætiki of sytik, valdi guð hvar aldri, dauðr verðr hverr, nema hræðumk helviti, skal slíta.

Við höfum dáðst að styrkleika þínu, Ásdís. Við flytjum þér og öllum ástvinum innilegustu samúðarkveðjur frá bræðrum í Bergelmi og skessum.

Í huganum geymum við minningu um góðan dreng og tryggan vin.

Jón Hálfðanarson, Sveinn Rúnar Hauksson.

Á lífsleiðinni verða á vegi manns margir einstaklingar sem hafa áhrif á lífshlaupið. Jón Sigurðsson svæfingalæknir var einn þeirra sem höfðu hvað mest áhrif á mig á þeim árum sem ég var að taka mína stefnu í lífinu og ákveða hvað mig langaði að vinna við eftir nám í læknadeild.

Fyrst hittu ég Jón á Sjúkrahúsinu á Selfossi í ágústmánuði árið 1981. Ég var þá læknanemi að taka mín fyrstu spor í læknisstarfinu í afleysingastöðu aðstoðarlæknis Daniels Danielsenar yfirlæknis. Jón var þá nýkominn heim til Íslands eftir sérnámi í svæfingum og gjörgæslulækningum í Gautaborg. Hann kom austur til að svæfa nokkra sjúklinga á aðgerðardegi. Mér varð þar ljóst að Jón var mikill fagmaður og vakti það hjá mér frekari löngun til að feta í fótspor hans.

Nokkrum árum síðar falaðist ég eftir vinnu á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans og kynntist þar Jóni vel. Við urðum mestu mátar. Hann lagði sig all-

an fram við að kenna mér tökin á svæfingum, deyfingum og gjörgæslu og að útsetja mig fyrir sem flestu til undirbúnings undir frekara sérnámi erlendis. Vakti einnig áhuga minn á rannsóknarvinnu sem við unnum að saman þrátt fyrir litla aðstöðu, sem engu að síður var gerð af metnaði.

Jón var vitur, vel lesinn, skynsamur, úrræðagóður, myndinn og skemmtilegur. Við eyddum löngum stundum í umræður og rökraður um úrlausnir hinna ýmsu mála innan fagsins og utan. Finna sem flesta fleti og komast að sem réttastrí niðurstöðu. Jón hafði sterkar skoðanir á mönnum og málefnum og studdi þær með haldgóðum rökum.

Það var mikið áfall þegar Jón slasaðist alvarlega í umferðarslysi fyrir tuttugu árum og gat ekki lengur sinnt starfi sínu á Landspítalanum. Hann var einn af mättarstólpum svæfinga- og gjörgæsludeildarinnar og varð þar skarð fyrir skildi.

Ég á margar góðar minningar um Jón sem hafa yljáð mér um hjartatrætir í gegn um tíðina og mun halda svo áfram um ókomin ár.

Góður vinur og leiðbeinandi er genginn. Mestur er missir fjölskyldunnar. Við Dóra sendum Ásdísi, Sigga, Tobbu, Hemma og fjölskyldum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Bjarni Valtýsson.

Kveðja frá Svæfinga- og gjörgæslulæknafélagi Íslands

Við sjáum að dýrd á djúpið slær, þó degi sé tekið að halla. Það er eins og festingin færast nær, og faðmi jörðina alla.

Svo djúp var þögnin við þína sæng, að þar heyrast englar tala, og einn þeirra blakar bleikum væng, svo þrjóst þitt fái svara.

Nú strýkur hann barm þinn blítt og hljótt,

svo blaktir síðasti loginn. En svo kemur dagur og sumarnótt, og svanur á bláan voginn. (Davíð Stefánsson frá Fagraskógi)

Í dag er borinn til hinstu hvílu Jón Sigurðsson, einn af heiðursfélögum Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands.

Jón var einn af mättarstólpum Svæfinga- og gjörgæsludeildar Landspítalans um árabil. Hann starfaði á Svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut frá því að hann kom

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjaldslaut alla útgáfudaga.

Skil | Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Smell á Morgunblaðslógóðið í hægra horninu efst og viðeigandi liður, „Send inn minningargrein“, valinn úr felliglugganum. Einnig er hægt að slá inn slóðina www.mbl.is/sendagrein Skilafrestur | Ef óskað er eftir

heim frá sérnámi í Gautaborg árið 1981 og þar til hann lét af störfum eftir umferðarslysi í lok árs 1988.

Hann hélt áfram kennslu læknanema við Háskóla Íslands eftir að hann lét af störfum á Landspítala og starfaði einnig um árabil fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Jón tók alla tíð virkan þátt í starfi Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands. Hann sat í stjórn félagsins samfleytt frá árinu 1981 til 1989 og var formaður félagsins 1984 og 1985. Hann var einnig stjórnarmaður í norrænum samtökum svæfinga- og gjörgæslulækna (Scandinavian Society of Anaesthesiology and Intensive Care Medicine) í nokkur ár.

Hann sat einnig í stjórn Félags ungra lækna og í stjórn Félags íslenskra lækna í Svíþjóð.

Eftir að Jón slasaðist skrifaði hann bókina Svæfingar á Íslandi í 150 ár, 1856 til 2006. Bókin var gefin út á 50 ára afmæli Svæfingalæknafélagsins árið 2010. Ritun þessarar veglegu bókar var ekkert annað en þrjúvirki. Það var unnið af Jóni, Ásdísi konu hans og fjölskyldu þeirra. Jón pikkaði bókina á tölvu, bókstaflega staf fyrir staf með strok-leiðsenda blýants í greip sinni. Það lýsir eldmóði hans og áhuga á sögunni. Bókin er fjársjóður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands en saga félagsins er listilega samofin sögu svæfinga á Íslandi og ómetanleg heimild um framþróun þessarar mikilvægu sérgreinar á Íslandi.

Það tókst ágætur vinskapur með okkur Jóni þegar ég var aðstoðarlæknir á Svæfinga- og gjörgæsludeildinni við upphaf sérnáms míns. Jón var traustur og skemmtilegur vinnufélagi, athugull og nákvæmur í allri sinni vinnu.

Hann var duglegur að kenna okkur yngri lækninum og först þáð frábærlega vel úr hendi. Jón hafði síðan í tímans rás forgöngu um það að útvega mér námsdvöl á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg og fyrir það er ég honum þakklátur.

Við vottum Ásdísi, börnum þeirra og fjölskyldum og öllum öðrum aðstandendum okkar dýpstu samúð við fráfall hans og á þeim erfiðu tímum sem framundan eru.

Við varðveitum minninguna um góðan vin og vinnufélaga í hugum okkar um ókomin ár.

Kári Hreinsson, formaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands.

SVAFAR & HERMANN

Kveðja
útfararstofa



Virðing, reynsla & þjónusta

Allan sólarhringinn

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS